

# ..... Heimabyggð fyrr og nú .....



## Umræða

Hafa við höndina:

- Loftmyndir og/eða ljósmyndir af svæðinu, þar sem við búum, frá mismunandi tímum.

Byrjað á umræðu inni og helst skoðaðar myndir. Síðan farið út og umhverfi og landslag markvisst skoðað.

## Útiverkefni

Nemendur fá verkefni eða spurningar á blaði, allt eftir aldri og getu.

Farið á útsýnisstað. Horft í kring um sig. Hver nemandi/nemendahópur fær ákveðið sjónarhorn eða átt til að horfa í.

- Greina hvað sést. Hvað hefur breyst, hvenær og hvers vegna? Teknar myndir.

Velta fyrir sér:

- Sjáum við menningarlandslag? En náttúrulandslag?
- Þekkjum við fyrirbærin sem við sjáum, götur, hús, hæðir, fjöll? Höfum við komið að þeim?
- Vitum við hvað þau heita? Hvað þau eru gömul? Hvað er á bak við hæðir og fjöll?

- 
- Munum við sjálf eftir einhverjum breytingum, breytingum á landi eða gróðri, nýjum húsum, túnnum, görðum, vegum eða götum?
  - Hvernig ætli hér hafi verið þegar foreldrar okkar voru ungir, eða afar og ömmur?
  - Getum við komist að því hvernig svæðið var fyrir 100 árum?
  - Getum við ímyndað okkur hvernig það var við landnám?
  - Hvað hefur breyst mest? Hvað hefur hugsanlega lítið sem ekkert breyst?
  - Hvað mun líklega breytast á næstunni?
  - Ef við gætum breytt einhverju, hverju vildum við þá breyta?

### Gamlar myndir

Nemendur safna gömlum myndum frá svæðinu, hugsanlega heima hjá sér, hjá fjölskyldu eða fyrrverandi íbúum. Myndir má líka fá á netinu og á söfnum s.s.

[Ljósmyndasafni Reykjavíkur](#)

Er hægt að finna staðinn þar sem einhver gömul mynd var tekin og taka mynd frá sama sjónarhorni?

### Fjallahringurinn

- Taka myndir af fjallahringnum frá góðum útsýnisstað í nágrenni skólans.
- Afla upplýsinga um heiti fjallanna og merkja nöfnin á myndirnar.
- Prenta myndirnar út og hengja upp í skólastofunni.
- Afla upplýsinga um fjöllin. Hvað eru þau t.d. gömul, hvers konar fjöll eru þetta, eru þetta e.t.v. eldfjöll, hve há eru þau?
- Hverjir í bekknum hafa komið að þessum fjöllum eða jafnvel gengið á þau?

